

# **Skýrsla Tilnefningarnefndar Origo hf.**

**Lögð fram fyrir aðalfund Origo hf. 6. mars 2020**

**14. febrúar 2020**

## **Efnisyfirlit**

<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>Forsaga .....</b>	<b>4</b>
<b>Tilnefningarnefnd Origo hf. 2019 - 2020 .....</b>	<b>6</b>
<b>Verkefni tilnefningarnefndar.....</b>	<b>7</b>
<b>Skipulag.....</b>	<b>9</b>
<b>Aðferðafræði .....</b>	<b>10</b>
<b>Tillaga tilnefningarnefndar 2020 .....</b>	<b>12</b>
<b>Viðauki: Starfsreglur tilnefningarnefndar Origo hf. 2019 – 2020 .....</b>	<b>15</b>

## Inngangur

Á aðalfundi Origo hf. 2. mars 2018 var samþykkt að setja á fót tilnefningarnefnd til þess að efla enn frekar góða stjórnarhætti hjá féluginu. Árið 2019 – 2020 er því annað árið sem tilnefningarnefnd skilar skýrslu fyrir aðalfund Origo.

Tilgangur tilnefningarnefndar Origo hf. er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn félagsins á aðalfundi. Með tilkomu nefndarinnar er áhersla lögð á að auka gagnsæi í kjöri stjórnarmanna í samræmi við góða stjórnarhætti. Nefndin metur frambjóðendur til stjórnar og tilnefnir með áherslu á að viðeigandi og fjölbreytt hæfni, reynsla og þekking sé fyrir hendi hjá stjórnarmönnum og stjórn. Með það að leiðarljósi óskaði nefndin eftir tillögum frá hluthöfum og auglýsti eftir framboðum opinberlega.

*Helstu verkefni nefndarinnar eru eftirsarandi:*

- i. Hafa umsjón með árangursmati stjórnar.
- ii. Leggja mat á samsetningu, stærð og árangur stjórnar, m.a. með tilliti til kynjahlutfalls.
- iii. Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- iv. Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- v. Undirbúa og leggja fram tillögu um frambjóðendur til stjórnar á aðalfundi félagsins.
- vi. Upplýsa tilvonandi stjórnarmenn um þá ábyrgð sem fólgin er í stjórnarsetu fyrir félagið.

Í þessari skýrslu er farið yfir verklag tilnefningarnefndar og niðurstöðu hennar.

## Forsaga

Samþykkt var á aðalfundi Origo hf. 2. mars 2018 að setja á fót tilnefningarnefnd til þess að efla enn frekar góða stjórnarhaetti hjá féluginu.

Tillaga til aðalfundar Origo hf. 2. mars 2018 var eftirfarandi:

Aðalfundur Origo hf. þann 2. mars 2018 ákveður að stjórn félagsins skuli skipa tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skal vera skipuð þremur mönnum hið minnsta og skal meirihluti nefndarinnar vera óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Stjórnarmönnum félagsins er heimilt að sitja í tilnefningarnefnd en þeir skulu ekki mynda meirihluta hennar. Þá skulu þeir ekki gegna formennsku í nefndinni. Petta á jafnt við um formann stjórnar og aðra stjórnarmenn. Hvorki stjórnendur félagsins né starfsmenn þess skulu eiga sæti í tilnefningarnefnd. Þóknun nefndarmanns skal vera 62.000 kr. fyrir hvern fund.

Tilnefningarnefnd er heimilt að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir féluginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa þessara. Við mat á óhæði ráðgjafa skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins ekki síðar en sex mánuðum fyrir aðalfund.

Tilnefningarnefnd skal tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í féluginu fyrir aðalfund þess.

Hlutverk tilnefningarnefndar skal meðal annars felast í því að:

- (i) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- (ii) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- (iii) Gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins.
- (iv) Undirbúa og leggja fram tillögur, byggðar á ofangreindu mati, um kosningu stjórnarmanna á aðalfundi félagsins.

Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins. Hlutverk og helstu verkefni nefndarinnar skulu tilgreind í starfsreglum hennar og skulu þau taka mið af þörfum félagsins. Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu birtar á vefsíðu félagsins. Tilnefningarnefnd skal óska eftir tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félags. Á vefsíðu félagsins skal upplýsa um hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri. Tillögur tilnefningarnefndar (og önnur framboð til stjórnarsetu) skulu kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en a.m.k. tveimur virkum dögum fyrir fundinn. Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Rökstuðning nefndarinnar skal einnig birta á vefsíðu félagsins.


Stjórn Origo hf. hefur leitast við að efla góða stjórnarhætti hjá félaginu og fékk viðurkenningu árið 2014 sem gefin var út af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti, Nasdaq á Íslandi, Viðskiptaráði og Samtökum atvinnulífsins.

Til grundvallar á mati á stjórnháttum íslenskra fyrirtækja er ritið Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefið er út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. Til hliðsjónar eru erlendar leiðbeiningar og fræðileg umræða um góða stjórnarhætti.

Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti er fyrirmynadarfyrirtæki í góðum stjórnháttum fyrirtæki sem nýtir sér góða stjórnarhætti sem tæki til þess að efla skilvirkni og ákvörðunartöku stjórnar og framkvæmdastjóra. Tilgangur er jafnframt að skapa trúverðugleika gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum með því að sýna að fyrirtækið er til fyrirmynadar hvað varðar góða stjórnarhætti.

Stjórnháttademanturinn er notaður sem umgjörð utan um vinnu með góða stjórnarhætti og liggur til grundvallar í verkefnum tilnefningarnefndar.

*Mynd 1: Stjórnháttademanturinn*



## Tilnefningarnefnd Origo hf. 2019 - 2020

Í tilnefningarnefnd sitja Eyþór Ívar Jónsson (formaður), Hanna María Jónsdóttir og Hildur Dungal. Tveir nefndarmenn eru óháðir Origo hf., Hanna María Jónsdóttir og Eyþór Ívar Jónsson, en Hildur Dungal er stjórnarmaður Origo hf. Óháðir nefndarmenn voru skipaðir af stjórn félagsins. Nefndin skipti með sér störfum og starfar samkvæmt samþykktum starfsreglum nefndarinnar.



**Eyþór Ívar Jónsson** er doktor í stjórnarháttum, stofnandi og forstöðumaður StjórnarAkademíunnar og lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Eyþór hefur starfað náið með tæknigeiranum í um tuttugu ár, bæði hér á landi og í Danmörku.



**Hanna María Jónsdóttir** hefur starfað við mannaúðsmál og stjórnun frá árinu 1998, einkum í fjármála- og tæknigeiranum en einnig innan stjórnsýlsunnar. Hún hefur reynslu af móturn og innleiðingu stefnu, breytingastjórnun við samruna og yfirtökur, ráðgjöf við stjórnendur og millistjórnendur auk sérhæfðrar ráðgjafar á sviði ráðninga og ráðningaferla. Hanna María er viðskiptafræðingur og hefur lokið námslínu Kaospilot í Árósum í skapandi forystu.



**Hildur Dungal** tók sæti í aðalstjórn Origo hf. (áður Nýherja hf.) í febrúar árið 2011. Hún útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún gegndi starfi forstjóra Útlendingastofnunar, starfaði um árabil hjá dómsmálaráðuneytinu en er nú lögfræðingur yfirstjórnar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Hildur hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja og er varamaður í stjórn Bankasýslunnar.

## **Verkefni tilnefningarnefndar**

Verkefni tilnefningarnefndar frá október 2019 til mars 2020 voru eftirfarandi:

- Endurskoða og samþykkja starfsreglur nefndarinnar.
  - Starfsreglur nefndarinnar frá árinu 2018 voru samþykktar með lítilsháttar breytingum.
  - Starfsreglum nefndarinnar sem voru samþykktar af stjórn Origo hf. í janúar 2020.
  - Nefndin kom sér saman um starfsáætlun og starfshætti með það að markmiði að klára verkefni sem sett voru fram í starfsreglum nefndarinnar.
- Kynna nýjum nefndarmönum starfsemi nefndarinnar frá fyrra ári.
  - Tveir nýir nefndarmenn komu í nefndina 2019 – 2020, þær Hanna María Jónsdóttir og Hildur Dungal. Starfsreglur voru yfirfarnar með nýjum nefndarmönum og skýrsla Tilnefningarnefndar árið 2019.
- Eiga samtal við alla stjórnarmenn félagsins og meta þáttöku í endurkjöri.
  - Tekið var um klukkustundar viðtal við alla stjórnarmenn Origo hf.
  - Spurt var um: a) stöðu og stefnu félagsins, b) stjórnarhætti félagsins, c) framlag stjórnarmanns til stjórnarstarfsins. Einnig var spurt um óhæði og hagsmunaárekstra og framboð stjórnarmanns til stjórnar Origo hf. 2020.
- Meta núverandi stjórn og stjórnarhætti félagsins.
  - Gerð var spurningakönnun sem var byggð á fyrrri úttektum á stjórnarháttum Origo hf. og stjórnarháttademantinum. Allir stjórnarmenn svoruðu könnun.
  - Unnið var úr könnun með hliðsjón af viðtölum við stjórnarmenn og forstjóra.
- Óska eftir og eiga viðtöl við stærstu eigendur félagsins.
  - Haft var samband við tuttugu stærstu hluthafa félagsins eða hluthafa sem eiga yfir 1% hlutafjár í félaginu og þeim boðið í viðtal um hlutverk tilnefningarnefndar og gefið tækifæri að segja sína skoðun á núverandi stjórn og hvers konar hæfni væri æskilegt að leita eftir í framtíðarstjórn félagsins.
  - Hluthafar voru jafnframt hvattir til þess að leggja til framboð til stjórnar Origo hf. til tilnefningarnefndar.
- Skilgreina hæfni og hæfi nýrrar stjórnar.
  - Dregin var upp mynd af þörfum stjórnar og stjórnarmanna Origo hf. hvað varðar hæfni og hæfi út frá ramma tilnefningarnefndar sem miðast við a) hlutverk stjórnar og stjórnarhætti Origo hf., b) framtíðarsýn stjórnar og forstjóra, c) þekkingu og hæfni sitjandi stjórnar og stjórnarmanna og d) þekkingu og hæfni framtíðarstjórnar og stjórnarmanna.

- Auglýsa eftir tilnefningum í stjórn félagsins.
  - Auglýst var 21. janúar 2020 eftir framboðum í stjórn félagsins til tilnefningarnefndar á heimasíðu Origo hf. og hjá Kauphöllinni.
  - Framboðsfrestur til stjórnar félagsins til tilnefningarnefndar rann út 31. janúar 2020.
  - Unnið var úr umsóknum með hliðsjón af þeim ramma og áherslum sem tilnefningarnefnd hafði að leiðarljósi.
- Meta hæfi og hæfni einstaklinga sem hafa boðið sig fram í stjórn félagsins.
  - Hæfi og hæfni allra umsækjanda var metin út frá ramma og áherslum tilnefningarnefndar.
  - Gerður var listi yfir aðila sem höfðu sent inn umsóknir til tilnefningarnefndar eða verið tilnefndir af hluthöfum félagsins.
- Eiga viðtöl við mögulega stjórnarmenn.
  - Tekin voru viðtöl við þá sem taldir voru hæfastir og valið úr þeirra hópi.
- Tilnefna aðila til stjórnarstarfa í félaginu fyrir aðalfund árið 2020.
  - Fimm manna stjórn var tilnefnd til stjórnar Origo hf. 2020. Allir tilnefndir stjórnarmenn voru áður sitjandi stjórnarmenn.
- Skila skýrslu um störf tilnefningarnefndar.
  - Skýrslu var skilað til hluthafa þremur vikum fyrir aðalfund.
- Svara spurningum um val og starfshætti nefndarinnar.

## Skipulag

Tilnefningarnefnd hóf störf í nóvember 2019. Fyrsti formlegi fundurinn var haldinn í október 2019. Haldnir voru reglulegir fundir kjölfarið, alls tólf talsins.


Þrjár tegundir af fundum voru haldnir:

- *Viðtalsfundir óháðra aðila við stjórnarmenn og forstjóra.*
  - Fundir óháðra aðila nefndarinnar við núverandi stjórnarmenn þar sem farið var yfir a) stöðu og stefnu félagsins, b) mat á stjórnarháttum og c) mat á eigin framlagi stjórnarmanna til stjórnarstarfsins.
  - Fundur með forstjóra þar sem farið var yfir a) stöðu félagsins, b) stjórnarhætti félagsins og c) samstarf forstjóra við stjórnarformann og stjórn félagsins.
  - Farið var yfir niðurstöður viðtala.
- *Vinnufundir allra nefndarmanna.*
  - Fundir þar sem unnið var úr viðtölum, umsóknum, gerðar áætlanir og teknar ákvarðanir.
- *Viðtalsfundir við hluthafa.*
  - Tuttugu stærstu hluthöfum var boðið að funda með nefndinni til að fara yfir áherslur þeirra sem eigenda, gefa álit sitt á núverandi stjórn og tilnefna stjórnarmenn.

## Aðferðafræði


Lögð var áhersla á að nefndin og nefndarmenn myndu starfa faglega og vinna út frá eigin sannfæringu.

*Mynd 2: Rammi tilnefningar nefndar við mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og stjórnar Origo hf. 2020.*



- Mat á núverandi stjórn byggði á fyrri úttektum á stjórn félagsins og þeim ramma sem Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur gefið út í tengslum við sjálfsmat stjórnna og endurmat á stjórnarháttum. Eftirfarandi þættir voru metnir: a) hlutverk stjórnar, b) verkefni stjórnar, c) starfshættir stjórnar, skipulag stjórnar og d) samstarf stjórnarmanna.
- Unnið var út frá sögu fyrirtækisins og framtíðarsýn forstjóra og stjórnarmanna til þess að meta hvaða hæfni væri æskilegt að stjórnin hefði yfir að búa.
- Stjórnarmenn voru metnir út frá hæfnispáttum sem voru í samræmi við sjálfsmat stjórnar og endurmat og þá hugmyndir sem forstjóri og stjórnarmenn sjálfir höfðu um verkefni stjórnar og áherslur á komandi árum.
- Metið var sérstaklega hvort og hverjar kröfur væru um endurnýjun á núverandi stjórn. Matið byggði á: a) að nota endurmat stjórnar til meta hvort að stjórnin sjálf væri að óska eftir breytingum, b) hvort að eigendur félagsins væru að óska eftir breytingum, c) hvort framkvæmdastjórn væri að óska eftir breytingum eða d) aðrir hagaðilar.

*Mynd 3: Mat á kröfum um endurnýjun á stjórn*



- Niðurstaðan var sameiginleg ákvörðun nefndarinnar eftir umræður um einstaka aðila og heildarmynd stjórnarinnar.

## Tillaga tilnefningarnefndar 2020

Tilnefningarnefnd Origo hf. 2019 – 2020 leggur til að: Guðmundur Jóhann Jónsson, Hildur Dungal, Hjalti Þórarinsson, Ívar Kristjánsson og Svafa Grönfeldt verði kosin í stjórn félagsins á aðalfundi 6. mars 2020.

Það er mat tilnefningarnefndar að þessi tillaga að stjórn uppfylli vel viðmið nefndarinnar um hæfni og hæfi stjórnarmanna og kröfur sem gerðar eru til góðra stjórnarháttu. Stjórnin er óbreytt frá fyrra ári enda var það mat nefndarinnar að ekki væri tilefni til eða gerðar kröfur um breytingar. Sérstaklega var horft til þess að tveir nýir stjórnarmenn komu inn í aðalstjórn á síðasta ári.

*Um frambjóðendur:*



Guðmundur Jóhann Jónsson tók sæti varamanns í stjórn Origo hf. (áður Nýherja) 1999

og hefur gegnt hlutverki vara- og aðalmanns frá þeim tíma til dagsins í dag.

Guðmundur, sem er forstjóri tryggingafélagsins Varðar, útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Seattle University á árinu 1985 og lauk MBA prófi frá Edinborgarháskóla á árinu 2000. Hann hefur auk setu í stjórn Nýherja setið í stjórnum nokkurra annarra fyrirtækja. Hann situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.



Hildur Dungal tók sæti í aðalstjórn Origo hf. (áður Nýherja hf.) í febrúar árið 2011. Hún útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún gegndi starfi forstjóra Útlendingastofnunar, starfaði um árabil hjá dómsmálaráðuneytinu en er nú lögfræðingur yfirstjórnar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Hildur hefur setið í stjórnum nokkurra fyrirtækja og er varamaður í stjórn Bankasýslunnar.



Hjalti Þórarinsson tók sæti varamanns í stjórn Origo hf. (áður Nýherja) í mars 2017. Hann er framkvæmdastjóri hjá Marel og leiðir 230 starfsmanna hugbúnaðardeild. Hjalti stundaði nám í rafmagns- og tölvuverkfræði í HÍ 1995-1998 og lauk MBA námi frá MIT í Bandaríkjunum. Hjalti átti þátt í stofnun hugbúnaðarhússins Dímon árið 1998. Eftir MBA námið vann Hjalti í höfuðstöðvum Microsoft í 11 ár, og leiddi þar viðskiptaþróun fyrir gervigreind.



Ívar Kristjánsson tók sæti í stjórn Origo hf. (áður Nýherja hf.) í mars 2016 og varð stjórnarformaður í desember sama ár. Hann er framkvæmdastjóri 1939 Games, stjórnarformaður RVX og situr í stjórn Icelandic Gaming Industry (innan Samtaka iðnaðarins). Ívar stundaði nám í viðskiptafræði við HÍ og hefur lokið MBA gráðu frá HR. Hann er einn af stofnendum CCP hf. og starfaði þar í 17 ár og var framkvæmdastjóri CCP þegar EVE-Online kom út árið 2003, en var lengst af fjármálastjóri CCP.




Svafa Grönfeldt er formaður stjórnar MIT DesignX sem er nýjasti viðskiptahraðall MIT háskóla í Boston og starfar hún jafnframt við nýsköpunarsetur skólans. Hún er ein af stofnendum The MET Fund sem er fjárfestingasjóður fyrir sprotafyrirtæki á svíði hónnunar og tækni í Bandaríkjunum. Svafa hefur setið í stjórn Origo síðan 2019, stjórn Icelandair Group síðan 2019 og stjórn Össurar síðan 2008. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Alvogen í tæp 10 ár og þar áður sem rektor Háskólangs Reykjavík

og aðstoðarforstjóri Actavis. Hún lauk doktorsprófi frá London School of Economics í vinnumarkaðsfræðum.

Reykjavík, 14. febrúar 2020

Eyþór Ívar Jónsson  


Hanna María Jónsdóttir  


Hildur Dungal  


## **Viðauki: Starfsreglur tilnefningarnefndar Origo hf. 2019 – 2020**

# **Starfsreglur**

## **Tilnefningarnefnd Origo hf.**

1. gr.

### **Markmið**

Með tilkomu nefndarinnar er áhersla lögð á að auka gagnsæi í kjöri stjórnarmanna í samræmi við góða stjórnarhætti. Markmiðið er að tryggja að á hverjum tíma búi stjórn félagsins yfir þeirri hæfni, reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er.

Nefndin á því að leggja áherslu á að viðeigandi og fjölbreytt hæfni, reynsla, þekking og bakgrunnur stjórnarmanna og stjórnar sem heild sé til grundvallar við tilnefningu á stjórnarmönnum.

2. gr.

### **Skipan og samsetning**

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur einstaklingum til eins árs í senn. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félagini og daglegum stjórnendum þess.

Stjórn félagsins skal með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Synji aðalfundur tillögu staðfestingar skal stjórn boða nýjan fund innan fjögurra vikna og leggja fram nýja tillögu til staðfestingar.

Í kjölfar aðalfundar skal nýkjörin stjórn skipa einn stjórnarmann til setu í nefndinni.

Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar.

Tilnefningarnefnd skiptir með sér verkum, þó þannig að formennska sé ekki á hendi stjórnarmanns í félagini.

3. gr.

### **Hlutverk og ábyrgðarsvið**

Nefndin hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggur tillögur sínar fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Nefndin metur frambjóðendur til stjórnar og tilnefnir með áherslu á að viðeigandi og fjölbreytt hæfni, reynsla og þekking sé fyrir hendi hjá stjórnarmönnum og stjórn.

Tilnefningarnefnd óskar eftir tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund og auglýsir eftir framboðum opinberlega telji nefndin þörf á því. Tillögur nefndarinnar með viðeigandi rökstuðningi skulu aðgengilegar fyrir aðalfund.

Framboðsfrestur og tilkynningar um framboð fara að öðru leyti samkvæmt IX. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995.

*Verkefni nefndarinnar eru eftirfarandi:*

- i) Hafa umsjón með árangursmati stjórnar.
- ii) Leggja mat á samsetningu, stærð og árangur stjórnar, m.a. með tilliti til kynjahlutfalls
- iii) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- iv) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- v) Undirbúa og leggja fram tillögu um frambjóðendur til stjórnar á aðalfundi félagsins.
- vi) Upplýsa tilvonandi stjórnarmenn um þá ábyrgð sem fólgin er í stjórnarsetu fyrir félagið.

4. gr.

#### **Skipulag og starfshættir**

Nefndin skal halda að lágmarki þrjá fundi á ári. Nefndin skal þar að auki funda með einstökum stjórnarmönnum, stjórn, og framkvæmdastjórn.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir og fylgiskjöl skulu vistaðar rafrænt með aðgengilegum hætti fyrir alla nefndarmenn.

Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum en lögð er áhersla á að nefndin komist að sameiginlegri niðurstöðu í mikilvægum málum.

5. gr.

#### **Heimildir og aðgengi að gögnum**

Nefndin hefur víðtækan aðgang að gögnum sem tengjast störfum hennar. Nefndin hefur heimild, gerist þess þörf, til að leita eftir aðstoð stjórnarmanna, starfsmanna félagsins og óháðra ráðgjafa.

6. gr.

#### **Þagnar- og trúnaðarskylda**

Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

7. gr.

#### **Gildistaka**

Starfsreglur tilnefningarnar nefndar skulu endurskoðaðar af stjórn og tilnefningarnar nefnd árlega og taka gildi með undirritun stjórnar.